



## Vitinn

Brekkubæjarskóli Akranesi

Umsókn no. 182

**Verkefnastjórar:** Kristrún Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Skúladóttir

### **Þátttakendur:**

Hjördís Hjartardóttir sérkennari

Foreldrar nemenda af erlendum uppruna í Brekkubæjarskóla

Jón Heiðar Allansson Forstöðumaður Byggðasafnsins að Görðum

Monika Palinska, túlkur

Emilia Teresa Orlita, túlkur

Særún Gestsdóttir, túlkur

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir formaður Íþróttabandalags Akraness

Lúðvík Gunnarsson deildarstjóri í æskulýðsmiðstöðinni Þorpinu

Við undirritaðar erum kennarar í Brekkubæjarskóla á Akranesi og höfum fylgst með því hvernig skólasamfélagið hefur breyst í áranna rás. Nemendur í skólanum eru ekki lengur bara Íslendingar með íslensku sem fyrsta tungumál heldur eru nemendur nú frá allmörgum þjóðlöndum. Margir eiga foreldra sem tala litla sem enga íslensku. Nemendur með íslensku sem annað tungumál ná misvel að tengjast inn í bekkinn sinn. Því getur fylgt einangrun og við höfum miklar áhyggjur af þessum nemendum. Að auki virðast foreldrar þessara erlendu barna vera frekar lokaður hópur og lítið blanda geði við aðra foreldra. Okkur þótti því forvitnilegt að reyna að ná til þessara foreldra með það í huga að aðstoða þá í því sem viðkemur skólanum, skólasamfélaginu og því sem Akranes hefur upp á að bjóða. Það gefur auga leið að ef foreldrar fá góða kynningu á því sem í boði er og aðstoð við að tengja sig inn í skólann og við aðra foreldra þá líður þeim betur. Séu foreldrar vel upplýstir og finni fyrir slíkum áhuga frá kennurum skólans hlýtur það að gefa þeim aukinn byr til að koma sér betur inn í skólasamfélagið. Þetta er meginástæðan fyrir því að við fórum af stað með þetta verkefni. Að rjúfa einangrun þessara foreldra með það í huga að þeir aðlagist samfélaginu betur.

Kristrún og Hjördís lögðu því af stað með verkefnið sem hér verður lýst á eftir en Sigríður kom síðan í stað Hjördísar þar sem hún fór í námsleyfi.

## Markmið og rökstuðningur verkefnisins

Markmið verkefnis var að efla tengsl foreldra barna af erlendum uppruna við , skólann



og skólasamfélagið. Einnig að kynna fyrir foreldrum fjölbreytt tómsunda-, íþrótt- og félagsstarf á Akranesi, hvað skólinn hefur að bjóða og áhugaverða staði á Akranesi og nágrenni til fjölskylduvænnar afþreyingar.

Markmið verkefnisins var að bæta tengsl, skilning og samstarf milli foreldra og skóla. Einnig að til yrðu verkfæri svo hægt væri vinna markvisst að því að hópar foreldra verði ekki út undan í skólanum..

Rökstuðningur: Það er mat okkar sem að þessu verkefni stöndum að foreldrar nemenda af erlendum uppruna séu illa upplýstir um fjölbreytt tómsunda-, íþrótt- og félagsstarf á Akranesi. Einnig þekki þessir foreldrar lítið til íslenskra siða, hefða, staðhátta og sögu bæjarins og að þeir hafi áhuga á að fræðast um þetta. Sérstaklega teljum við að þeir viti ekki nægilega mikið um skólabrag Brekkubæjarskóla.

Foreldrar eru einangraðir vegna tungumálaörðugleika og því höfum því þessi atriði að leiðarljósi. Það hlýtur að vera auðveldara fyrir foreldra að hjálpa börnum sínum með námið ef við sinnum þessum veigamiklu þáttum. Líðan þeirra hlýtur að verða betri og tengsl við skólann öflugri.

## Lýsing á framkvæmd

Sendur var tölvupóstur úr Mentor, á ensku, pólsku og íslensku til foreldra. Þar kom tilgangur verkefnisins fram, að ætlunin væri að hittast í nokkur skipti í vetur og að þátttöku þeirra væri vænst.

Við ákváðum að hefja samverustundirnar alltaf í Brekkubæjarskóla. Byrjunin var alltaf eins, þ.e. við buðum góðan dag og foreldrar kynntu sig og sín börn. Við settum fram markmið í samveru til að starfið yrði markvissara.

Hver samvera hófst á léttu spjalli, þar reyndum við að fá foreldra til að tjá sig og síðan útskýrðum við tilgang samverunnar. Ávallt voru einhverjar veitingar í boði.

## Skólinn kynntur

Fyrsta samveran hófst á því að foreldrar sögðu frá uppruna sínum og hvaða tungumál væru töluð heima fyrir. Að því loknu var verkefnið kynnt ítarlega þ.e. tilgangur og markmið þess. Að þessu loknu ákváðum við að sýna foreldrum allan skólann. Þegar þeirri ferð var lokið skoðuðum við heimasíðu Brekkubæjarskóla og Mentor, sem er heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir nemendur, foreldra og skólann.



Við fórum yfir skóladagatalið, foreldraviðtöl og líðankannanir, útskýrðum orðin og tilganginn með hverju atriði. Sýndum hvernig á að skrá veikindi í Mentor, kenndum þeim á foreldraviðmót Mentors og tölvupóstinn. Á heimasíðu skólans fórum við yfir viðburði skólaársins og kynntum sérstöðu lífsleikniskólans okkar sem eru m.a. dygðir og morgunstundir.

Í lok samverunnar dreifðum við miðum og báðum fólk um að skrá á sínu tungumáli, íslensku eða ensku hvaða væntingar það hefði til verkefnisins.

## Jólasamvera

Í desember komum við saman í heimilisfræðistofu skólans. Markmið þessarar samveru var að kynna jólahefðir og siði, bæði gamla og nýja.

Við byrjuðum á að ræða um aðventuna, skólaviðburði í desember, siðinn að gefa í skólinn, litlu jólin í skólanum og ýmsa viðburði á vegum bæjarins. Við ræddum sérstaklega daga eins og Þorláksmessu og jóladagana. Við sögðum frá þrettándanum og þeirri hefð að unglingarnir sem tækju þátt í hinni árlegu álfabrennu á vegum kaupstaðarins fengu gistinótt í félagsheimilinu Þorpinu.



Við skárum út og steiktum laufabrauð og borðuðum með hangikjöti og drukkum jólaöl.



Bóndadagur, þorrinn, konudagur, bolludagur, sprengidagur og öskudagur voru útskýrðir og hefðir sem tengjast þeim í samverunni í febrúar. Þar ræddum við líka saman um siði og hefðir í þeirra löndum. Þarna gafst gott tækifæri á að æfa sig í íslenskunni.

Í lok samverunnar kynntum við næstu samveru sem fram fór að byggðasafninu að Görðum. Þar tengdum við saman þorrann og gamla tímann. Í boði var íslenskur matur, borinn fram í þorratrogi m.a. harðfiskur og flatkökur með hangikjöti

## Áhugaverðir staðir

Gönguferð um gamla bæinn var farin í rigningu og kulda en við létum það ekki á okkur fá. Í þessari ferð var lögð áhersla á að kynna fyrir foreldrum ýmsa sögulega atburði sem gerst höfðu á og við Akranes. Ásamt því sögðum við frá merkjum húsum og kennileitum. Lögð var áhersla á að hafa orð á flestu því sem sást og gamlar myndir notaðar til útskýringa (Sjá fylgiskjal). Í lok þessarar samveru



fengu foreldrar „skjóðu“ með sér heim. Í skjóðunni voru bækur um Ísland, matreiðslubækur, fræðibækur, tímarit, barnabækur og spil. Foreldrar voru hvattir til að lesa, skoða og spila með fjölskyldunni og segja okkur frá því hvernig gekk í næstu samveru.

### Akranes bærinn okkar

- Brekkubæjarskóli, gamall sveitabær, Brekka
- Kirkjuhol/prestsetur
- Sjúkrahúsið
- Göngustígur við Vesturgötu, steinninn og sá sami á Akratorgi
- Biðhöllin
- Haraldarhús Vestugata 32
- Kirkjan
- Bjarnalaug
- Fallbyssan
- Akratorgið og steinninn/styttan

## Íþróttabandalag Akraness og Þorpið

Við fengum góða gesti í heimsókn, þar sem aðilar frá Íþróttabandalaginu og Þorpinu/frístund kynntu starfsemi sína. Farið var yfir hvernig á að skrá börnin í íþróttir og tólmstundir á netinu (Nóra-kerfi), hvernig og hvar væri hægt að nýta tólmstundastyrk Akraneskaupstaðar.

Þessi heimsókn var afar mikilvæg því í ljós kom að foreldrar vissu lítið um allt það fjölbreytta tólmstunda- og íþróttastarf sem bærinn hefur upp á að bjóða.



## Menningamót

Við héldum menningamót þar sem allir þátttakendur komu með eitthvað matarkyns frá sínu landi. Megin tilgangur þessara samveru var að tala saman á íslensku. Foreldrar útskýrðu hvað þeir höfðu meðferðis og sögðu einnig lítillega frá því sem á daga þeirra hefði drifið.

Við vildum láta foreldra hafa eitthvað með sér út í sumarið því margir vildu fá að æfa sig í íslensku í sumar. Við kynntum því fyrir þeim námsvefi í íslensku þar sem þeir gætu æft sig og aukið við orðaforða sinn.



## **Hvernig mun verkefnið nýtast okkur í Brekkubæjarskóla**

Með þessu verkefni er komið kjörið tækifæri til að efla tengsl við foreldra af erlendum uppruna. Með því að hafa skipulagða samveru erlendra foreldra náum við að styðja betur við þennan hóp. Þannig getum við aukið tengslin á milli foreldranna innbyrðis og skólans sem mikilvægan lið í foreldrasamstarfi.

Í lok maí fengum við að kynna verkefnið okkar á aðalfundi Ísbrúar, Félags kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál. Sú upplifun var mjög góð því það sköpuðust góðar umræður og ýmislegt gott kom þar fram sem við sjáum að hægt sé að nýta í framhaldinu. Sú hugmynd kom síðan í framhaldi af þessari kynningu að við myndum halda aðra kynningu í skólanum okkar fyrir kennarar og starfsfólk í byrjun næsta skólaárs.


## **Niðurstöður og mat.**

Okkur finnst ótrúlegt að fólk virðist sætta sig við að búa í landinu án þess að geta gert sig skiljanlegt á íslensku og allt of margir nota enskuna í samskiptum.

Stór hópur hópur foreldra er ekki í neinum tómstundum eða á í samvistum við annað fullorðið fólk í bænum. Foreldrar vita ekki hvað er í boði og heldur ekki hvar á að leita sér upplýsinga. Foreldrar sem eiga börn í skólanum vita mjög lítið um hvað þar fer fram og leggja sig ekki fram um að ná í þær upplýsingar. Upplýsingarnar eru yfirleitt bara sendar á íslensku með tölvupósti til foreldra. Enda eru mörg tungumál í hverjum skóla og ekki gerlegt að þýða og senda póst á þeim öllum. Foreldrar virðast ekki lesa tölvupóst frá skólanum og leggja sig heldur ekki fram um að reyna að skilja hann, þeir virðast vera sinnulausir gagnvart þessu. Hvað er til ráða, er gott að velta fyrir sér.

Við höfðum pólskan túlk í fyrstu samveru. Við og túlkurinn vorum sammála því að foreldrarnir skiptust í tvo hópa, þá sem töluðu pólsku og svo hina. Við náðum ekki neinum tengslum við foreldrana sem töluðu pólsku enda sá túlkurinn um þau samskipti en margir þeirra kunnu mest í íslensku. Við og túlkurinn vorum því sammála um að hafa ekki pólskan túlk í samverunum vegna þess að við vildum ekki mismuna foreldrum eftir þjóðerni. Það kom líka greinilega fram hjá foreldrum að þeir vildu að við töluðum saman á íslensku til að læra hana um leið. Kannski er kominn hvati hjá þeim að læra íslenskuna í svona verkefni.

## Lokaorð



Verkefnið gekk vel og þátttakendur voru mjög ánægðir. Einhverjir mynduðu góð tengsl sín á milli og heldur sú vinátta vonandi áfram. Verkefni eins og þetta er hægt að fara með í hvað skóla sem er. Hægt er að aðlaga og þróa verkefnið eftir aðstæðum hverju sinni.

Við rákum okkur á ýmsar hindranir. Sú stærsta var hversu erfitt var að ná til foreldra. Við

reyndum ýmsar leiðir, notuðum Mentor sem er samskiptakerfi skólans, tölvupóstur þaðan virtist ekki ná til foreldra. Þá stofnuðum við eins og áður sagði félsbókarhópin Vitann. Þar gátum við fylgst með því hverjir sáu póstinn frá okkur. Ekki gekk vel að fá foreldra til að staðfesta þátttöku þegar við gerðum könnun á því hverjir ætluðu að koma. Við erum ákveðnar í að halda áfram að setja inn tilkynningar og ýmsar góðar upplýsingar á félsbókarsíðuna þó verkefninu sé formlega lokið. Við veltum því fyrir okkur hvernig við getum náð til sem flestra foreldra, því allt of margir sýndu engin viðbrögð. Þörfin er greinilega mikil en hvatinn til að koma sér að heiman virðist ekki vera fyrir hendi og það er áhyggjuefni.

Við höfum áhuga á frekari vinnu með þennan hóp enda töluðu þátttakendur um mikilvægi þess að það yrði gert. Ávinningur af svona verkefni er fjölþættur. Bætt líðan, meiri áhugi á samfélaginu öllu, félagsleg einangrun minnkar og tengsl foreldra styrkist. Einnig má segja að foreldrar öðlist frekari hæfni til þess að taka þátt og vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.

Akranesi 29.05.2018

Krísturín Sigurbjörnsdóttir, 1411614159

Sigríður Skúladóttir, 0102622169

## **Það sem eftir situr, vangaveltur, hugmyndir að næsta verkefni og hvað vilja foreldrar:**

- Höfum áhyggjur af einangrun þessa hóps
- Verðum að halda áfram með verkefnið sem er rétt svo farið af stað
- Höfum áhyggjur af foreldrum sem hafa búið hér í u.þ.b. áratug en tala litla eða enga íslensku og virðist ekki hafa hvatann til að læra hana. (Hálfgerð uppgjöf)
- Fólki þarf að hafa aðgang að svona námskeiðum
- Prófuðum að gera könnun um mætingu, henni var ekki sinnt, af hverju ekki?
- Veltum fyrir okkur hvernig við náum til fleiri foreldra í okkar skóla. Hvaða aðferðir eru áhrifaríkastar? Best væri kannski að ná til fólks strax og það flyst í bæinn.
- Ættum við að bjóða nýfluttum „Akurnesingum“ í hópinn? Sú hugmynd kom fram hjá fólki sem sem er erlent.
- Kannski væri ráð að skylda foreldra til að taka þátt í verkefni svipuðu þessu. Þannig getum við tengst þeim enn frekar.
- Erum við á villigötum ...er það þannig erlendis að foreldrar vilji hafa sem minnst um skólustarf að segja og láta fagfólkið um það?
- Mesti áhuginn var á að hafa íslenskukennslu fyrir foreldra í skólanum og á Akranesi ekki bíða í t.d. 3 mánuði
- Afmæli hjá nemendum af erlendum uppruna? Flestir bjóða bara erlendum nemendum frá sama landi, er það áhyggjuefni?
- Spurning um að athuga stöðu foreldra í íslensku í upphafi með það í huga að skipta þeim í hópa eftir hversu langt þeir eru komnir inn í íslenskuna.
- Kenna foreldrum á stéttafélagssíðurnar sínar og að nýta sér afslætti.
- Efla enn frekar tengsl milli heimilis og skóla? Að foreldrar hitti aðra sem eru í sömu eða svipaðri stöðu og geta þannig stutt hvert annað?
- Stefna að því að minnka brottfall þessa nemendahóps úr íþróttá- og tólmstundastarfi.
- Foreldrar vilja hittast og tala meira saman.
- Foreldrar vilja æfa sig í samskiptum með ákveðin þemu í huga.
- Foreldrar vilja fá heimaverkefni sem eru ekki skrifleg. Verkefni þurfa þá að vera þannig að þeir æfi sig í að tala við börnin sín eða fólk í samfélaginu.
- Foreldrar vilja fá að kynnst Mentor betur.
- Foreldrar vilja fá kynningu á því sem er í boði hverju sinni, hjá íþróttafélaginu og Akraneskaupstað. Vilja leiðbeiningar.
- Ef framhald verður á verkefninu vilja foreldra að fésbókin verði áfram samskiptamiðillinn okkar enda stofnuðum við hóp þar. Mentor virtist ekki vera lesinn.
- Foreldrar vilja fá íslenskukennslu 2 svar í viku

